

# Þingsályktun

um auknar forvarnir gegn krabbameinssjúkdómum í meltingarvegi  
og öðrum sjúkdómum þeim tengdum.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra í samráði við landlækni að gera tillögur um hvernig staðið skuli að forvarna- og leitarstarfi vegna krabbameins í meltingarvegi fyrir þá sem teljast vera í áhættuhópi og undirbúa framkvæmd starfsins. Jafnframt verði hafinn undirbúningur að því að beita sömu aðferðum, eftir því sem fært er, í baráttu við aðrar algengustu tegundir krabbameins hér á landi.

*Samþykkt á Alþingi 3. maí 2002.*